



Heilbrigðisráðherra
Svandís Svavarsdóttir

Reykjavík 9. október 2019.

Varðar: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Í samráðsgátt stjórnvalda hefur verið sett frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu. Læknafélag Reykjavíkur (LR) vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1. Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 4. gr. laganna. Þar er m.a. lagt til að heilbrigðisþjónusta verði framvegis greind í fyrsta, annars og þriðja stigs heilbrigðisþjónustu. Gert er ráð fyrir að starfssemi starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna teljist ætíð annars stigs heilbrigðisþjónusta. LR gerir alvarlega athugasemd við þetta og bendir á að víða á starfsstofum sérfræðilækna er starfssemi sem félagið telur eiga að falla undir þriðja stigs heilbrigðisþjónustu. LR telur því að orðalag nýs 4. tölul. 4. gr. laganna þurfi því að bæta tilvísun til starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna.
2. Í 3. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um breytt orðalag á 6. gr. laganna og þar sagt í 2. mgr. 6. gr. að Heilbrigðisstofnanir skv. 1. mgr. skulu taka að sér kennslu heilbrigðisstétta á grundvelli samninga við menntastofnanir, kennslusjúkrahús og háskólasjúkrahús. LR vill benda á að það telur þetta ákvæði vera allt of þrengjandi og fela í sér skammsýni. Umfangsmikil læknisþjónusta er nú rekin á starfsstofum sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna, þ.á m. sérfræðilækna. LR telur mikilvægt að í kennslu heilbrigðisstétta sé tryggt að þær kynnist þessari starfsemi í námi sínu. Auk þess felast í því ný tækifæri til að fjölga nemum í heilbrigðisgreinum sem ekki er vanþörf á. LR leggur því til að ný 2. mgr. 6. gr. laganna orðist svo: Heilbrigðisstofnanir skv. 1. mgr. og starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna skulu taka að sér kennslu heilbrigðisstétta o.s.frv.
3. LR telur það mjög óráðlegt að leggja niður lækna ráð, stöðu framkvæmdastjóra lækninga og yfirlækna við heilbrigðisstofnanir og leggst eindregið gegn slíkum breytingum. Ráðgjöf þessara sérfræðinga er lykilatriði faglegrí stjórnun í heilbrigðiskerfinu. Þá telur LR að æskilegt sé að yfir heilbrigðisstofnunum séu sjálfstæðar stjórnir og leggur til að því verði bætt í lögum.

A.ö.l. vísar LR til umsagnar LÍ um þetta lagafrumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Reykjavíkur

Þórarinn Guðnason Formaður.